

TUNNAN
PRENTÞJÓNUSTA
tunnan@tunnan.is
Sími: 467 - 1288

15. tbl. 33. árg. 28. apríl - 4. maí 2021

TUNNAN

Skil fyrir auglýsingar er á þriðjudögum fyrir kl 12.

Líka á: www.tunnan.is

Fjallabyggð



Tilkynning til íbúa Fjallabyggðar

Á 200. fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar þann 14. apríl sl., var tekið fyrir neðangreint erindi og samþykkti bæjarstjórm svonefnda tillögu um afgreiðslu:

Lausaganga katta

Bæjarstjórn samþykkir að fela tæknideild að kynna núverandi samþykkt um kattahald fyrir kattaeigendum í Fjallabyggð og öðrum íbúum sveitarfélagsins, sérstök áhersla skal lögð á að kynna þær greinar samþykktar sem snúa að lausagöngu á varptíma, skilyrðum leyfis fyrir kattahaldi og viðurlögum sem í samþykktinni eru.

Einnig er tæknideild falið að koma á skilvirku ferli er varðar tilkynningar um ónæði af köttum og að halda utan um tölfraði vegna þeirra tilkynninga.

Að síðstu felur bæjarstjórn tæknideild að vinna tillögu að endurskoðun á samþykkt um kattahald og leggja fyrir bæjarráð eigi síðar en 1. nóvember 2021, tillagan skal unnin í nánu samstarfi við skipulags- og umhverfisnefnd og byggð á reynslu af kynningu á núverandi samþykkt og tölfraði sem aflað verður í sumar.

Kattareigendur eru hvattir til að kynna sér samþykkt Fjallabyggðar um kattahald sem er að finna á heimasiðu Fjallabyggðar, www.fjallabyggd.is. **Í henni kemur m.a. fram að eigendum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á kettina og takmarka útiveru þeirra.** Sækja skal um leyfi til kattahalds á heimasiðu Fjallabyggðar undir íbúagátt, fyrir alla ketti sem halda á í Fjallabyggð. Sótt skal um leyfi fyrir kött áður en hann verður 2 mánaða gamall og fyrir eldri kött skal sótt um leyfi þegar hann kemur inn á heimilið.



Samhæfingarstöð krabbameinsskimana
tekur á móti tímabókunum fyrir allt landið

Pantaðu tíma í síma 513-6700

Brjóstamynntaka verður
á Heilsugæslunni
á Siglufirði 3-7 maí

Einnig er hægt að senda tölvupóst á
krabbameinsskimun@heilsuqaeslan.is

Opið er fyrir bókanir alla virka daga kl. 08:30-12:00

BÖGGVISBRAUÐ

Lífræn súrdeigsbrauð úr viðarhitaða
steinofninum á Böggvisstöðum í Svarfaðardal.

Bakað fimmtudaga fyrir Fjallabyggð.

Á Facebook/Böggvisbrauð eða síma: 692-4754.

Greitt fyrirfram eða áskrift.

Afhending brauða á fimmtudögum. Keyrt heim.



 HSN Heilbrigðisstofnun
Norðurlands

ATVINNA

Vantar afleysingafólk í eldhús og
aðhlynningu hjá HSN Siglufirði. Upplýsingar
gefur Anna S. Gilsdóttir í síma: 460 - 2172

1. maí er alþjóðlegur baráttudagur verkafólks
Árleg áminning um mátt samstöðu og nauðsyn áframhaldandi
baráttu fyrir réttlæti og mannsæmandi lífskjörum fyrir alla



**Eining-löja sendir félagsmönnum
baráttukveðjur í tilefni dagsins!**

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu er ekki hægt að bjóða upp á
hefðbundnar hátiðarsamkomur 1. maí nk.

Eining-löja er öflugt stéttarfélag á landsbyggðinni.

460 3600 / ein@ein.is / www.ein.is

Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð



FÖGNUM 1. MAÍ!

Þín réttindi skipta máli!

VIÐ SENDUM FÉLAGSMÖNNUM OKKAR HÁTIÐARKVEÐJUR Í TILEFNI VERKALÝÐSDAGSINS

Vegna aðstæðna verður ekki efnt til hátiðarhalda í ár

Við hvetjum ykkur til þess að fagna þann 1. maí! Með kjarabaráttu hafa fjölmargir sigrað náðst á vinnumarkaði og í samfélaginu. Barist hefur verið fyrir réttindum sem teljast sjálfsögð í dag og er mikilvægt að standa vörð um til framtíðar.

Samstaða er lykillinn að velferð okkar allra.

VIÐ ERUM TIL STAÐAR FYRIR ÞIG OG STÖNDUM VÖRD UM ÞINN RÉTT!

